

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2008/EES/76/04

frá 30. maí 2005

um breytingu á I. viðauka við ákvörðun 2003/634/EB um samþykkt áætlana um að ná stöðu viðurkenndra svæða og viðurkenndra eldisstöðva á svæðum sem ekki eru viðurkennd með tilliti til veirublæðingar og iðradreps í fiski(*)

(tilkynnt með númeri C(2005) 1563)

(2005/414/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,
með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/67/EBE frá 28. janúar 1991 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á markaðssetningu fiskeldistegunda og -afurða⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/634/EB⁽²⁾ eru áætlanir, sem hin ýmsu aðildarríki hafa lagt fram, samþykktar og tilgreindar. Áætlunum er ætlað að gera aðildarríkjunum kleift að hefja málsmeðferð síðar meir til þess að svæði eða eldisstöð á svæði, sem ekki er viðurkennt, geti öðlast stöðu viðurkennds svæðis eða viðurkenndrar eldisstöðvar, á svæði sem er ekki viðurkennt, með tilliti til físksjúkdómanna veirublæðis (VHS) og iðradreps (IHN).
- 2) Í bréfi dagsettu 23. september 2004 sótti Ítalía um samþykkt áætlunar fyrir svæðið Zona Valle di Tosi. Í ljós hefur komið að umsóknin, sem lögð var fram, er í samræmi við 10. gr. tilskipunar 91/67/EBE og skal því samþykkja áætlunina.
- 3) Breyta ber ákvörðun 2003/634/EB til samræmis við þetta.

- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í I. viðauka við ákvörðun 2003/634/EB bætist eftirfarandi liður við á eftir lið 3.5:

„3.6. ÁÆTLUNIN, SEM ÍTALÍA LAGÐI FRAM FYRIR HÉRAÐIÐ TOSCANA 23. SEPTEMBER 2004, NÆR YFIR:

Zona Valle de Tosi

— vatnasvið árinna Vicano di S. Ellero frá upptökum að hindruninni við Il Greto nálægt þorpinu Raggioli.“

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 30. maí 2005.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Markos KYPRIANOU

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 141, 4.6.2005, bls. 29. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 103/2006 frá 22. september 2006 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 60, 30.11.2006, p. 12.

(¹) Stjtið. EB L 46, 19.2.1991, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 806/2003 (Stjtið. ESB L 122, 16.5.2003, bls. 1).

(²) Stjtið. ESB L 220, 3.9.2003, bls. 8. Ákvörðuninni var síðast breytt með ákvörðun 2005/67/EB (Stjtið. ESB L 27, 29.1.2005, bls. 55).